


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015	ÍSLE3VT10 Námsáætlun haustönn 2015	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 19		

Bókmenntir og menning í nýju ljósi

Áfangalýsing: Í áfanganum er fjallað um íslenskar bókmenntir og bókmenntasögu frá siðaskiptum til 21. aldar og tengsl þeirra við evrópskar bókmenntir. Stuttlega er farið yfir bókmenntir fyrri alda en megináherslan verður þó lögð á bókmenntir og bókmenntasögu 20. og 21. aldar, nýja strauma og stefnur og ólíkar birtingarmyndir bókmenntanna. Unnin verða ýmis konar valverkefni þar sem lögð verður rík áhersla á fjölbreyttar vinnuaðferðir, sjálfstæð vinnubrögð, skilvirka þekkingarleit, kunnáttu í meðferð og frágangi heimilda og skapandi hugsun og frumkvæði við úrvinnslu og skilaform verkefna.


Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- íslenskri bókmenntasögu frá siðaskiptum til 21. aldar
- helstu stefnum í bókmenntum frá siðaskiptum til 21. aldar og þeim heimspekistefnum, hugmyndafræði og viðhorfum til hlutverks bókmennta sem þar birtast
- ýmsum lykilverkum íslenskra og evrópskra bókmennta frá áðurnefndum tímabilum
- tengslum íslenskra bókmennta við evrópska menningu, bókmenntir og bókmenntastefnur
- mismunandi birtingarformum bókmennta og lista
- grunnhugtökum í bókmenntafræði og beitingu þeirra
- notkun heimilda og hjálpargagna í tengslum við verkefnavinnu
- frágangi og skráningi heimilda
- grundvallarreglum við byggingu og uppsetningu ritsmíða

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa bókmenntatexta frá siðaskiptum til dagsins í dag, sér til gagns og gamans
- greina bókmenntatexta frá ýmsum tímum og fjalla um inntak þeirra
- beita algengum stílbrögðum í tal- og ritmáli
- skilja lykilhugtök og mismunandi sjónarmið
- draga saman og nota á viðurkenndan og gagnrýnninn hátt upplýsingar úr hvers kyns heimildum og meta áreiðanleika þeirra
- rita heimildaritgerð þar sem beitt er gagnrýnni hugsun við úrvinnslu

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015	ÍSLE3VT10 Námsáætlun haustönn 2015	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 19		

- tjá rökstudda afstöðu við ýmsar kringumstæður, útskýra sjónarmið og taka virkan þátt í málefnalegum umræðum til að komast að vel rökstuddri niðurstöðu
- ganga frá heimildaverkefnum og -ritgerðum með viðurkenndum hætti
- flytja af öryggi lýsingar og kynningar á verkefnum sínum, hver fyrir sig og með öðrum

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja, greina og tengja saman bókmenntatexta frá ólíkum tímum
- skrifa skýran, vel uppbyggðan og grípandi texta
- taka þátt í málefnalegum umræðum, tjá afstöðu sína og efasemdir um efnið og komast að rökstuddri niðurstöðu
- greina aðalatriði, beita gagnrýninni hugsun við lestur, túlkun og úrvinnslu krefjandi texta
- átta sig á samfélagslegum skírskotunum, duldem boðskap og hugmyndum
- flytja kynningar á verkefnum af öryggi
- beita skýru, vönduðu og blæbrigðaríku máli í ræðu og riti
- velja ritstíl eftir aðstæðum og viðtakendum
- vinna skapandi verkefni í tengslum við námsefnið og sýna frumkvæði í verkefnavali og úrvinnslu

Námsgögn:


Ekki verða notaðar hefðbundar kennslubækur, heldur verður nemendum vísað á þær bækur/annað kennsluefni sem til er um þessi tímabil, nema hvað nemendum skal bent sérstaklega á *Handbók um ritun og frágang* e. Ingibjörgu Axelsdóttur og Þórunni Blöndal frá árinu 2010, útg. Mál og menning. Einnig verður stuðst við ýmis konar ítarefni sem nemendur finna sjálfir og nýta sér til gagns við nám sitt og verkefnavinnu.

Áætlun um yfirferð:

1. lota (3 vikur) 20. ágúst - 11. september (Vikur 34 - 37)

Hinar myrku miðaldir

Áfanginn kynntur og nemendur kynnast hver öðrum. Fjallað stuttlega um **lærdóms- og upplýsingaröld** og nokkrir textar lesnir sem sýnishorn af bókmenntum tímabilanna. Efnið tengt við menningarsögu þjóðarinnar á þessum tíma. Kennsla í

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS	ÍSLE3VT10	
Síða 3 af 19	Námsáætlun haustönn 2015	

byggingu ritgerða, heimildaleit og áreiðanleika heimilda og unnið heimildaverkefni úr völdu efni tímabilanna undir handleiðslu bókavarða.

Vægi verkefnis til lokaekunnar 10%.

HEIMILDAVERKEFNI ÚR LÆRDÓMS- OG UPPLÝSINGARÖLD


- Nemendur vinna 1 – 2 saman.
- Verkefnið skal vera 2 – 3 bls. af samfelldum texta með tilvitnunum og tilvísunum (sbr. *Handbók um ritun og frágang*).
- Á verkefninu skal vera forsíða og því skal fylgja heimildaskrá, uppsett og frágengin samkvæmt *Handbók um ritun og frágang*.
- Heimildir skulu vera að lágmarki 6, 2 úr bókum, 2 af Netinu og tvær úr tímaritum. Þær skulu vera viðurkenndar fræðilegar og/eða frumheimildir, en einnig má styðjast við ítarefni (það þá skráð sem slíkt) af *Vísindavefnum*, *Öldinni okkar* og öðrum slíkum heimildum.
- Verkefninu skal skilað útprentuðu og texti skal vera með 12 punkta letri og línubil 1.5.
- Einkunn fyrir verkefnið er 10% af lokaekunn.

EFTIRTALIN VERKEFNI ERU Í BOÐI:

LÆRDÓMSÖLD

Síðaskiptin. Hvenær, hvers vegna, hvernig, hverjir komu helst við sögu?


- Oddur Gottskálksson og Bibíupýðingar hans
- Bókaútgáfa Guðbrands Þorlákssonar
- Fyrstu sálmapýðingarnar, pýðendur þeirra, hvað einkenndi sálmana?

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS	ÍSLE3VT10	
Síða 4 af 19		

- Hallgrímur Pétursson
 - a) Hjónaband hans og einkalíf
 - b) *Passíusálmarnir*
 - c) Veraldlegur kveðskapur hans
- Austfirsku skáldin
 - a) Stefán Ólafsson
 - b) Einar í Eydölum
 - c) Bjarni Gissurarson
- Staðarhóls-Páll (Jónsson) og kveðskapur hans
- Þjóðkvæði og dansar
- Arngrímur lærði og *Crymogea*
- Reisubækur (ferðasögur) af ýmsu tagi
- *Píslarsaga Jóns Magnússonar* og tengsl hennar við galdraöldina á Íslandi
- Galdrafárið, helstu forsvarsmenn þess, útbreiðsla, afleiðingar o.s.frv.
- Árni Magnússon og handritasöfnun hans
- Jón Grunnvíkingur og ritstörf hans
- Rímur, upphaf, yrkisefni, ytra form, vinsældir/útbreiðsla
- Konur í hópi skálda á lærdómsöld

UPPLÝSINGARÖLD

- Magnús Stephensen og bókaútgáfa hans
- Björn Halldórsson og fræðslurit hans/frumkvöðlastarf
- Eggert Ólafsson og kveðskapur hans

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS	ÍSLE3VT10	
Síða 5 af 19	Námsáætlun haustönn 2015	

- *Ferðabók Eggerts og Bjarna*
- Jón Þorláksson og þýðingar hans
- Jón eldklerkur og Móðuharðindin (*Eldritið*)
- Útgáfufélög og tímarit tímabilsins
- Eiríkur Laxdal og skáldsögur hans
- Sigurður Pétursson og leikrit hans

2. lota (3 vikur) 14. september – 2. október (Vikur 38 - 40) Það birtir til: Rómantíska stefnan og raunsæið

Rómantíska stefnan: Uppruninn, heimspekin, þjóðernishyggjan, tengsl við myndlist og tónlist, rómantískar bókmenntir Evrópu, íslenska sjálfstæðisbaráttan og birtingarmyndir hennar í skáldskapnum. Lesnir valdir textar sem dæmi.


Raunsæið: Uppruninn, heimspekin, boðskapurinn, tengsl við pólitískar stefnur tímabilsins. Lesnir valdir textar sem dæmi. Unnin verkefni sem tengjast bæði íslenskum og evrópskum bókmenntum og menningarheimi og skilaform verða með ýmsu móti.

Vægi verkefnis til lokaekunnar 15%.

VERKEFNI ÚR RÓMANTÍK/RAUNSÆI

Nemendur vinna saman 2 – 3 að valverkefnum af meðfylgjandi lista sem tengjast rómantík eða raunsæi (eða einir, þeir sem það kjósa). Skilaform geta verið með ýmsu móti, allt eftir því sem andinn blæs nemendum í brjóst: Fyrirlestrar, kynningar með glærum, ritgerðir, höfundarkynningar, ljóðakynningar, leikþættir, myndræn form (málverk, teikningar, tölvuverk), tónlistarflutningur, netsíður, eigin bókmenntaverk í anda stefnanna, myndbönd/stuttmyndir og hefðbundin túlkun á textum. Einnig er sjálfsagt að nýta tónlist og myndlist tímabilanna til að tjá eigin túlkun og hugrenningar, en þó skal hafa í huga að umbúðirnar mega ekki bera innihaldið ofurliði – verkefnin eiga fyrst og síðast að snúast um textana/viðfangsefnið og draga fram og undirstrika helstu einkenni viðkomandi stefnu með skýrum hætti!

Einkunn fyrir verkefnið er 15% af lokaekunn.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015	ÍSLE3VT10 Námsáætlun haustönn 2015	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 6 af 19		

Rómantísk viðfangsefni:

Íslensk ljóð – einstök ljóðskáld og valin ljóð þeirra:

- Bjarni Thorarensen
- Jónas Hallgrímsson
- Steingrímur Thorsteinsson
- Grímur Thomsen
- Matthías Jochumsson
- Benedikt Sveinbjarnarson Gröndal

Erlend ljóð – einstök ljóðskáld og valin ljóð þeirra:


- Percy B. Shelley
- Byron lávarður
- John Keats
- Heinrich Heine

Íslenskar skáldsögur – höfundar:

- *Piltur og stúlka* e. Jón Thoroddsen

Erlendar skáldsögur – einstakir höfundar:

- *Raunir hins unga Werthers* e. J. W. Goethe
- *Pride and Prejudice (Hroki og hleypidómar), Emma, Sense and Sensibility* e. *Jane Austen*
- *Wuthering Heights (Fýkur yfir hæðir)* e. Emily Dickinson
- *Jane Eyre* e. Charlotte Bronté

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS	ÍSLE3VT10	
Síða 7 af 19		

Leikrit – höfundur:

- *Skugga-Sveinn* e. Matthías Jochumsson

Þjóðsögur og ævintýri:

- Íslenskar þjóðsögur og ævintýri í ýmsum útgáfum og tengsl þeirra við rómantísku stefnuna
- *Grimms-ævintýri, Þúsund og ein nótt*

Heimspækikenningar – þjóðernishyggjan (Heidelberg-skólinn):

Þessi grein rómantísku stefnunnar - á hverju byggist hún - hvernig skilar hún sér í íslenskum bókmenntum og einstökum textum – hvers vegna verður hún svo vinsæl hér?

Kvikmyndir eftir rómantískum skáldsögum:


Athugið að ekki er nóg að horfa bara á kvikmyndina og skilgreina hana, heldur þarf að lesa/kynna sér bókina sem hún er byggð á og bera þær saman.

- *Greifinn af Monte Cristo* (2002) e. Alexandre Dumas
- *Wuthering Heights* (2011) (*Fýkur yfir hæðir*) e. Emily Dickinson
- *The Raven* (2011) (*Hrafninn*) e. Edgar Allan Poe
- *Moby Dick* (2011) e. Herman Melville
- *Pride and Prejudice* (2005) (*Hroki og hleypidómar*) e. Jane Austen
- *Faust* (2011) e. J.W. Goethe
- *Frankenstein* 1994 e. Mary Shelley

Raunsæ viðfangsefni:

Íslenskar skáldsögur – höfundar:

Upp við fossa e. Þorgils gjallanda (Jón Stefánsson)

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015	ÍSLE3VT10 Námsáætlun haustönn 2015	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 8 af 19		

Halla (og heiðarbýlið) e. Jón Trausta (Guðmund Magnússon)

Erlendar skáldsögur – höfundar:

Madame Bovary e. Gustave Flaubert

Íslenskar smásögur – höfundar:

Tilhugalíf, Kærleiksheimilið, Hans Vöggur e. Gest Pálsson

Leidd í kirkju, Heimþrá e. Þorgils gjallanda

Vonir, Marjas e. Einar H. Kvaran

Fyrirlestrar - Lífið í Reykjavík e. Gest Pálsson

Ljóð – einstök ljóðskáld og valin ljóð þeirra:

- Þorsteinn Erlingsson og ljóð hans
- Stephan G. Stephansson og ljóð hans
- Hannes Hafstein og ljóð hans
- Ólöf frá Hlöðum og ljóð hennar

Kvikmyndir eftir raunsæjum skáldverkum:

Athugið að ekki er nóg að horfa bara á kvikmyndina og skilgreina hana, heldur þarf að lesa/kynna sér bókina sem hún er byggð á og bera þær saman.


- *Madame Bovary* (1991) e. Gustave Flaubert
- *Nana* (1983) e. Emil Zola
- *Le père Goriot* (2004) e. Honoré de Balzac

3. lota (2 vikur) 5. – 16. október (Vikur 41 - 42)

Allt kemur þetta aftur -

Nýrómantík, deiglan, kreppan/félagslega raunsæið. Fjallað um stefnurnar og tímabilin og skyldleikann/tengslin við samnefndar stefnur fyrri aldar. Lesnir nokkrir valdir textar sem sýnishorn og skoðaðar nýjar tegundir bókmennta og bókmenntaforma. Nemendum síðan beint í verkefnavinnu sem tengist bæði íslenskum og evrópskum bókmenntum. Skilaform með ýmsu móti.

Vægi verkefnis til lokaekunnar 15%.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS	ÍSLE3VT10	
Síða 9 af 19	Námsáætlun haustönn 2015	

VERKEFNI ÚR NÝRÓMANTÍK, DEIGLU OG KREPPU: 1900 – 1940

Nemendur vinna saman (eða einir sé þess óskað) og verkefnið er að útbúa einhvers konar fræðslu- eða kynningarefni um þá íslensku höfunda og bókmenntatexta sem hver nemandi/nemendahópur velur sér til umfjöllunar (sjá lista á seinni síðu).

Ytra form verkefnisins skal vera eitthvað af eftirfarandi:


- Útvarpsþáttur
- Sjónvarpsþáttur
- Vefsíða
- Veggspjaldasýning
- Blaðgrein (sett upp sem slík)
- Dagskrá til flutnings/leikrænn flutningur (t.d. á leikritum)

Nemendur skulu nýta allt það **ítarefni** sem völ er á og viðkomandi verkefni býður upp á. s.s. tónlist, upplestur, myndir, sjónvarpsefni, rafrænt efni, leikhljóð og annað þess háttar, auk þess að bæta við eigin efni eftir því sem við á hverju sinni.

Einkunn fyrir verkefnið er 15% af lokaekunn og gert er ráð fyrir að auk mats kennara til einkunnar meti nemendur sjálfa sig/hverjir aðra með sama hætti.

Helstu höfundar tímabilanna:

- Einar Benediktsson
- María Jóhannsdóttir
- Hulda (Unnur Benediktsdóttir Bjarklind)
- Jónas Guðlaugsson

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS	ÍSLE3VT10 Námsáætlun haustönn 2015	
Samþykkt: HJS		
Síða 10 af 19		


- Jóhann Gunnar Sigurðsson
- Theodóra Thoroddsen
- Herdís og Ólína Andrésdætur
- Sigurður Sigurðsson frá Arnarholti
- Stefán Sigurðsson frá Hvítadal
- Jóhann Sigurjónsson
- Jóhann Jónsson
- Davíð Stefánsson
- Gunnar Gunnarsson
- Jón Thoroddsen yngri
- Þórbergur Þórðarson
- Halldór Laxness
- Þórunn Elfa Magnúsdóttir
- Tómas Guðmundsson
- Halldór Stefánsson
- Guðmundur G. Hagalín
- Jóhannes úr Kötlum
- Steinn Steinarr (Aðalsteinn Kristmundsson)

4. lota (1.5 vika) 19. - 26. október (Vikur 43 - 44)

Ísland kemst í samband við umheiminn

Heimstyrjöldin síðari, hernámið, stríðsárin og afleiðingar þeirra fyrir íslenskt menningarsamfélag og bókmenntir. Nýtt samband við umheiminn, nýir straumar og stefnur, sjálfstæðisbaráttan hin nýja. Nýir miðlar, ný menningaráhrif, ný gildi og viðmið. Nemendur lesa *Atómstöðina* e. Halldór Laxness, horfa á samnefnda kvikmynd eftir bókinni og vinna verkefni sem tengjast þeim og tímabilinu.

Vægi verkefnis til lokaeinkunnar 10 %.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015	ÍSLE3VT10 Námsáætlun haustönn 2015	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 11 af 19		

VERKEFNI 4. LOTU

Heimstyrjöldin síðari, hernámið, stríðsárin og afleiðingar þeirra fyrir íslenskt menningarlíf og bókmenntir.

Nemendur lesa *Atómstöðina* e. Halldór Laxness og horfa á kvikmynd eftir skáldsögunni. Verkefni unnið sem fjallar um bókina, kvikmyndina og áhrif styrjaldaráranna á íslenskar bókmenntir.


Vægi verkefnisins til lokaeinkunnar er 10%.

ATÓMSTÖÐIN

1. Skáldsagan og kvikmyndin *Atómstöðin* fjalla um sögulega atburði í lífi íslensku þjóðarinnar á árunum eftir að síðari heimstyrjöldinni lauk, annars vegar atburði sem snerta stöðu Íslands í samfélagi vestrænna þjóða og hins vegar atburði sem tengjast menningarlífi þjóðarinnar.

Hverjir eru þessir atburðir? Hvernig tengjast þeir innbyrðis, og ádeilu sögunnar í heild?

2. Á heimili Búa Árland má glögg sjá áhrifin af erlendri hersetu og menningaráhrifum. Hvernig birtast þau og hvaða afleiðingar hafa þau fyrir viðkomandi?
3. Fyrir hvað andstæðu póla standa þau Búi Árland og sveitastúlkan Uglu? Hvernig kemur það fram?
4. Organistinn, kennari Uglu, endurspeglar ákveðna hugmyndafræði og lífsafstöðu. Hver er sú afstaða/lífsskoðun og á hverju grundvallast hún? Á hvern hátt fylgir organistinn eftir þessari lífsskoðun, t.d. hvað varðar heimili hans og samskipti við annað fólk?
5. Hvað má lesa út úr þessari kvikmynd/skáldsögu um afstöðu Halldórs Laxness til ákvarðanatöku íslenskra stjórnvalda á eftirstríðsárunum gagnvart erlendu

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS	ÍSLE3VT10 Námsáætlun haustönn 2015	
Samþykkt: HJS		
Síða 12 af 19		

hervaldi og hernaðarbandalögum?

Í skáldsögunni og kvikmyndinni má sjá ýmislegt sem einkennir íslenskt samfélag og samfélagsumræðu enn í dag. Hvað finnst ykkur helst blasa við í þeim efnum? Hvað er líkt og ólíkt í fortíð og nútíð?

Eigið álit: Á sagan (og kvikmyndin) erindi við nútímafólk? Ef svo er, að hvaða leyti – hvaða lærdóm getum við dregið af þeim? Hvað finnst ykkur um þær í heild?

5. lota (2.5 vikur) 28. október - 11. nóvember (Vikur 44 - 46) **Innreið nútímans**

Móðernisminn í ljóðum og skáldsögum, **nýraunsæið**, **nýir miðlar**, **ný menningaráhrif**. **Jafnréttisbarátta á öllum sviðum**, kvenna, kynþátta og stúdenta. Víetnam-stríðið, hippamenningin, ný gildi og sjónarmið á alheimsvísu sem skila sér inn í íslenskar bókmenntir og birtingarform þeirra. Verkefni sem fyrr, sögulegs og bókmenntalegs eðlis.

Vægi verkefnis til lokaeinkunnar 15%.

VERKEFNI 5. LOTU


Nemendur velja sér tvö verkefni af þremur hér(a-b-c).

a) **Móðernismi:** Nemendur kynna sér tímabilið, helstu einkenni skáldskaparins og helstu viðfangsefni höfundanna og rekja þau í stuttri samantekt. Auk þess skulu nemendur yrkja a.m.k. eitt móðernískt ljóð sem endurspeglar framangreinda þætti.

b) **Nýraunsæi:** Nemendur kynna sér tímabilið, helstu einkenni stefnunnar og helstu viðfangsefni höfundanna og rekja þau í stuttri samantekt. Auk þess skulu nemendur lesa og skilgreina stutta texta að eigin vali.

c) **Nýir miðlar og ný menningaráhrif 1950 – 1980.** Íslensk og erlend dægurtónlist, textar, sjónvarp og útvarp. Hvaða áhrif hafa þessir þættir á íslenska menningu? Nemendur velja sér afmarkaða umfjöllunarþætti s.s. ákv. hljómsveitir, listamenn, fjölmiðla og breytt samfélagsviðhorf og hegðunarmynstur ungs fólks.

Einkunn fyrir þessi verkefni er 7.5% af lokaeinkunn (lotunnar).

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS	ÍSLE3VT10 Námsáætlun haustönn 2015	
Samþykkt: HJS		
Síða 13 af 19		

Allir nemendur vinna síðan annað af neðangreindum verkefnum:

d) **Jafnrétti og jafnréttisbarátta í bókmenntum:** Verkefnið skal unnið í lok umfjöllunar um jafnréttisbaráttu á ýmsum sviðum og birtingarmyndir hennar í bókmenntum (og öðrum miðlum). Tvenns konar verkefni er í boði og skulu nemendur velja **annað hvort** þeirra:

- **Bókmenntir sem baráttutæki í jafnréttisbaráttunni.** Eigin vangaveltur út frá undangenginni umfjöllun í stuttu og hnitmiðuðu máli (1 – 2 prentaðar blaðsíður).
- **Eigið bókmenntaverk** út frá undangenginni umfjöllun (ljóð, smásaga, örsaga) þar sem textinn fjallar um hlutskipti þeirra sem þurfa að berjast fyrir eigin stöðu og tilveru í samfélaginu í dag vegna kynþáttar, litarháttar, kynhneigðar eða líffræðilegs kyns.

Nemendur mega vinna 2 – 3 saman að verkefninu

Einkunn fyrir þetta verkefni er 7.5% af lokaeinkunn (lotunnar).

6. lota (3 vikur) 13. nóvember – 2. desember (Vikur 46 - 49)
Og enn úr nútímanum – hin ýmsu birtingarform bókmenntanna


Nútíminn 1980 – 2010 með öllum sínum birtingarformum og nýjungum, jafnt í bókmenntum sem öllu öðru. Áhersla á nýja miðla og ný framsetningarform og tengsl þeirra og bókmennta. Fjallað um nýjar tegundir bókmennta og ný samfélagsleg viðhorf sem setja mark sitt á bókmenntirnar. Nemendur vinna lokaverkefni sem spannar allt sem þeir hafa lært á önninni.

Vægi verkefnis til lokaeinkunnar 20%.

LOKAVERKEFNI ANNARINNAR

Verkefnið skal vera umfjöllun um íslensk bókmenntaverk 20. og 21. aldar, eða önnur birtingarform sem endurspeglar/fjalla um bókmenntir sama tímabils. Nemendur vinna einir/saman að eigin vali og skulu standa skil á verkefninum í annarlök með samantekt á niðurstöðunum, fyrirlestrum, glærusýningum, myndrænum niðurstöðum af öðru tagi eða gjörningum og flutningi einhvers konar, allt eftir því sem viðkomandi umfjöllunarefni býður upp á.

Einkunn fyrir verkefnið er 20% af lokaeinkunn.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS	ÍSLE3VT10	
Síða 14 af 19	Námsáætlun haustönn 2015	

Hugmyndir að viðfangsefnum í lokaverkefnum:

Pönkið:

- Tónlistin, textarnir, flutningurinn, áhrifin sem stefnan hafði

Medúsa, Nýhil, önnur ljóða-/bókmenntafélög:

- Starfsemi þessara félaga, þær bókmenntir sem þar komu fram, áhrif þeirra, höfundarnir og ferill þeirra síðan

Kvikmyndir eftir íslenskum skáldsögum:

- Umfjöllun um viðkomandi kvikmyndir, samanburður á kvikmynd og skáldsögu og túlkun á boðskap hvorra tveggja og tilgangi.

Gjörningar af ýmsu tagi til að fjalla um/kynna bókmenntir:

- Ýmsar sjálfvaldar leiðir til að koma bókmenntum á framfæri þar sem nemendur velja viðkomandi bókmenntaverk svo og stað og stund og þátttakendur.

Póstmodernísk skáldverk:

- Valin póstmódernísk skáldverk kynnt, fjallað um verkið og höfundinn og hin póstmódernísku einkenni dregin fram og skýrð.


Glæpasögur:

- Umfjöllun um íslenskar glæpasögur síðustu 15 – 20 ára. Þær skilgreindar og túlkaðar og bent á íslensk einkenni þeirra jafnt sem alþjóðleg.

Dægurlagatextar og tengsl þeirra við strauma og stefnur í samfélagi og bókmenntum:

- Dægurlagatextar síðustu áratuga skoðaðir og skilgreindir efnislega og í tengslum við strauma og stefnur í samfélaginu hverju sinni.

Teiknimyndasögur síðustu ára: Teiknimyndasögur síðustu ára skoðaðar og skilgreindar í tengslum við strauma og stefnur í samfélaginu, auk þess að skoða þær í alþjóðlegu samhengi.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015	ÍSLE3VT10 Námsáætlun haustönn 2015	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 15 af 19		

- **Jafnréttisbókmenntir af öllu tagi:**

- Bókmenntir sem fjalla um jafnréttisbaráttu af ýmsu tagi (baráttu undirokaðra af ýmsu/öllu tagi) skoðaðar og skilgreindar út frá viðkomandi efni og niðurstöðurnar tengdar við umræðu tímans og samfélagsins á hverjum tíma.

Kvennabókmenntir:

- Bókmenntir um konur, bókmenntir eftir konur, bókmenntir um jafnréttisbaráttu kvenna o.s.frv. Þær skoðaðar, skilgreindar og túlkaðar á alla vegu í tengslum við tíðarandann hverju sinni.

Barnabækur:

- Barnabækur skoðaðar og skilgreindar í tengslum við tíðaranda, samfélag og viðhorf til barna á hverjum tíma.

Unglingasögur:


- Fyrirbrigðið unglingsögur skoðað og skilgreint. Hvenær kemur tegundin fram og hvers vegna? Hvernig hafa þær þróast gegnum árin? Einstakar sögur skoðaðar og skilgreindar í tengslum við tíðaranda og viðhorf til unglinga á hverjum tíma.

Töfraraunsæi:

- Skáldsögur og önnur bókmenntaverk, skrifuð í anda stefnunnar, skoðuð og skilgreind, þau túlkuð og leitast við að undirstrika einkenni stefnunnar í hverju verki.

Fjölmiðlar og hlutverk þeirra í menningarmiðlun:

- Hlutverk fjölmiðla í miðlun og umfjöllun um menningu á hverjum tíma skoðað og skilgreint. Fundnir fjölmiðlar sem sinna skilgreindu menningarhlutverki við umfjöllun bókmennta og annarra yfirlýstra menningarfyrrbrigða og gefin dæmi um slíka umfjöllun/þætti. Einnig fundin dæmi um annars konar fjölmiðla og annars konar „menningarmiðlun“ sem ekki falla innan hins opinbera ramma.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015	ÍSLE3VT10 Námsáætlun haustönn 2015	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 16 af 19		

- **Akureyri og bókmenntirnar:**

- Verkefnið lýtur að Akureyri annars vegar sem vettvangi og viðfangsefni í hinum ýmsu skáldverkum mismunandi höfunda og hins vegar að akureyrskum höfundum, sem annað hvort hafa fæðst þar eða verið búsettir þar um lengri eða skemmri tíma.


Þýðingar erlendra bókmennta og áhrif þeirra á íslenskar bókmenntir/ísl. lesendur:

- Verkefnið er tvíþætt: Annars vegar er hægt að fjalla um þýðingar á fræðilegum grunni og skoða hvaða þættir liggja þar til grundvallar (val á efni, meðferð texta, miðlun efnis o.s. frv.). Hins vegar geta nemendur skoðað eigin lestur á erlendum, þýddum bókum og velt fyrir sér þeim áhrifum sem lestur þeirra hefur haft á viðkomandi hvað varðar þekkingarauka, menningaráhrif, málfar og áhuga á viðkomandi efni og öðru því tengdu.

LESTUR KJÖRBÓKAR Í NORRÆNU SAMSTARFI/MENNINGARVERKEFNI

Auk framangreindra námsþátta skal hver nemandi lesa íslenska/þýdda skáldsögu (*Mýrin* e. Arnald Indriðason) og vinna úr henni verkefni í samvinnu við nemendur í norskum, dönskum og sænskum framhaldsskólum. Umrætt samstarf fer fram gegnum tölvur og verður kynnt betur og unnið innan stundaskrár á seinni hluta annarinnar.
Vægi þessa verkefnis er 10% af lokaeinkunn.

- Verkefnið er liður í undirbúningi að norrænu samstarfsverkefni um lestur og úrvinnslu norrænna skáldsagna/glæpasagna.
- **Verkefnið er tvíhliða:**
- **Annars vegar** skulu nemendur greina söguna *Mýrin* samkvæmt hefðbundinni

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015	ÍSLE3VT10 Námsáætlun haustönn 2015	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 17 af 19		

bókmenntagreiningu í lið A (sjá hér að neðan).

- **Hins vegar** skulu nemendur velja sér eitt af neðangreindum verkefnum í lið B og skila niðurstöðum úr þeim með sjón-/myndrænum hætti (sjá tillögur um viðfangsefni og skilaform hér að neðan).
- Nemendur vinna saman í litlum hópum, eða einir kjósi þeir það. Tímasetning verkefnis ræðst af samkomulagi okkar og norrænu samstarfsaðilanna.

A. Hefðbundin bókmenntagreinung:

Sjónarhorn/sögumaður

Tími (ytri og innri tími)

Umhverfi (veraldlegt/landfræðilegt, félagslegt)


Persónur (aðal- og aukapersónur, önnur skipting)

Þema/boðskapur

Eigið álit

B. Viðfangsefni í boði:

1. „Syndir feðranna“. Hverjir eru feðurnir hér, hver eru börnin og hverjar eru syndirnar, til hvers leiða þær?
2. „Leg Work“. Vinnuaðferðir lögreglunnar við lausn glæpamála. Hverjar eru þær? Að hvaða leyti eru þær dæmigerðar fyrir lögreglusöguna? Hvernig leysast málin?
3. „Þetta er allt ein andskotans norðurmýri.“ Umhverfi/sögusvið/veður. Á hvern hátt endurspeglar það söguþráðinn og ádeilu sögunnar?
4. „Den nordiske krimi – mere bekymret end underholdende?“ Á hvern hátt er Mýrin félagsleg raunsæissaga, sbr. skilgreininguna á norrænum glæpasögum? Hvað má finna í henni sem fellur undir hefðbundna „skandinavisk samfundskrimi“ sögu?
5. Holberg er fórnarlambið og Einar er morðinginn. Samt sem áður er Holberg stimplaður skíthæll en Einar fær alla samúðina. Hvers vegna? Hvernig kemur það heim og saman við bókmenntategundina og tilgang hennar?


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015	ÍSLE3VT10 Námsáætlun haustönn 2015	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 18 af 19		

6. Erlendur Sveinsson: Hver er hann? Á hvern hátt er hann skilgetið afkvæmi norrænu raunsæissögunnar (sbr. einkenni lögreglumannsins þar)? Hvaða drættir í honum eru þó séríslenskir?
7. Samfélagsádeilan. Á hvaða þætti samfélagsins er deilt og hvernig er sú ádeila sett fram? Hverjir eru stærstu glæpirnir?
8. Lögregluteymið: Af hverjum samanstendur það? Á hvern hátt er það dæmigert þegar kemur að samskiptum, vinnubrögðum, skoðanamun, árekstrum? Fyrir hvað stendur hvert þeirra?
9. Reykjavík/Ísland sem sögusvið: Hvernig er því lýst? Hversu raunverulegt er það? Er hægt að sviðsetja glæpi í íslensku/reykvísku umhverfi? Upp á hvaða möguleika býður dæmigert borgarlíf að því leyti og hverjir þeirra eru nýttir hér?

**HUGMYNDIR AÐ SKILAFORMUM –
AÐRAR HUGMYNDIR ERU LÍKA VEL ÞEGNAR!**

1. Glærur, gjarnan með myndum eða á myndrænu formi
2. Veggspjöld af ýmsu tagi
3. Stuttmynd – leikin atriði úr sögunni
4. Stutt glæpasaga í anda tegundarinnar, þess vegna teiknimyndasaga
5. Sögusviðið dregið upp með sjón-/myndrænum hætti
6. „Ættartré/skilaboðatré“, (t.d. hvað varðar syndir feðranna)
7. Vefsíða
8. Spurningaleikur, spil af ýmsu tagi, t.d. í tölvu

Í síðustu kennslustund (miðvikudaginn 2. desember) vinna nemendur síðan sjálfsmat (þ.e. mat á eigin frammistöðu og vinnuframlagi í áfanganum) sem gildir 5% af lokaeinkunn og skila auk þess mati á áfanganum sem slíku

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS	ÍSLE3VT10 Námsáætlun haustönn 2015	
Samþykkt: HJS		
Síða 19 af 19		

Námsmat og vægi námsþátta:

1. lota: Heimildaverkefni úr bókmenntum lærdóms- og upplýsingaraldar	10%
2. lota: Verkefni úr rómantík og raunsæi	15%
3. lota: Verkefni úr nýrómantík, deiglu og félaglegu raunsæi	15%
4. lota: Verkefni úr <i>Atómstöðinni</i> og þeim tíma sem bókin sprettur upp úr	10%
5. lota: Verkefni úr módernisma, nýraunsæi og jafnréttisbaráttu	15%
6. Lokaverkefni að eigin vali	20%
Samnorrænt verkefni úr <i>Mýrinni</i>	10%
Sjálfsmat	5%

Kennsluáætlunin er birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.

Símar og önnur snjalltæki eru óheimil í kennslustundum nema með leyfi kennara. Nemandi sem ekki virðir þessa reglu má búast við að honum verði vísað úr kennslustund, sbr. skólareglur.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils